

2008

Skýrsla æskulýðsnefndar Harðar



Hestamannafélagið Hörður

9/1/2008

EFNISYFIRLIT

INNGANGUR.....	3
ÆSKULÝÐSNEFND HARÐAR	3
VEFSÍÐAN - VIRK UPPLÝSINGAMIÐLUN.....	4
VIÐBURÐADAGATAL	4
FRÉTTIR	4
SKRÁNING Á NÁMSKEIÐ	4
NÁMSKEIÐ	4
ALMENNT REIÐNÁMSKEIÐ	4
<i>Byrjendanámskeið.....</i>	<i>4</i>
<i>Framhaldsnámskeið.....</i>	<i>4</i>
KNAPAMERKJANÁMSKEIÐ 1. 2. OG 3JA. STIG	5
KEPPNISNÁMSKEIÐ	5
<i>Keppnisnámskeið 1.hluti.....</i>	<i>5</i>
<i>Keppnisnámskeið 2. Hluti</i>	<i>6</i>
<i>Keppnisnámskeið fyrir landsmót.....</i>	<i>7</i>
<i>Keppnisnámskeið fyrir Íslandsmót</i>	<i>7</i>
FÉLAGSSTARF VETURINN 2007-2008.....	8
UPPSKERUHÁTÍÐ BARNNA, UNGLINGA OG UNGMENNA	8
ÁRSHÁTÍÐ UNGLINGA OG UNGMENNA	8
SKEMMTI OG ÞJÁLFUNARFERÐ TIL HESTHEIMA	8
FJÖLSKYLDUREIÐTÚR OG GRILL.....	8
ÆSKAN OG HESTURINN	9
JAKKAR	9
KEPPNISJAKKAR	9
REIÐJAKKAR FYRIR LANDSMÓT OG ÍSLANDSMÓT	9
SAMANTEKT	10

Inngangur

Æskulýðsnefndir þurfa að sinna þörfum ólíkra einstaklinga þannig að öll börn og ungmenni fái notið sín í hestamennsku á þann hátt að þau fái aukið við þroska sinn og hafi ánægju af starfinu. Virðing við menn, skepnur og náttúru ætti að vera sett í öndvegi og sú hugsun samtvinnuð öllu starfi æskulýðsnefnda.

Æskulýðsnefnd Harðar starfar samkvæmt stefnuyfirlýsingu ÍSÍ um barna- og unglingaíþróttir, veitir t.d. öllum börnum jafna viðurkenningu, boðið er upp á fjölbreytt fræðslustarf þar sem bæði er sinnt þeim er vilja iðka íþróttina sem keppnisíþrótt og einnig sem félagsstarf og áhugamál. Við gerð námskeiðaáætlunar var einnig haft að leiðarljósi stefnu aðalstjórnar að auka þjálfun og kennslu fyrir þau börn, unglinga og ungmenni sem stefna á keppni.

Hestamannafélagið Hörður gerði samning við byggingarfélag að reisa reiðhöll og átti hún að verða tilbúin í lok árs 2007 en því miður tókst það ekki og því varð að að leigja tíma fyrir námskeið, í reiðhöll hjá Hestasýn. Sú höll er of lítil fyrir reiðkennslu að því tagi sem boðið var upp á og takmarkar því gæði kennslu, fjölda þátttakenda í hverju námskeiði og tímalengd námskeiða. Því þurfti að aðlaga dagskránnu að þessum takmörkunum en æskulýðsnefnd lagði af stað með mjög metnaðarfulla dagskrá og þrátt fyrir takmarkanir vegna reiðhallarinnar verður heildarárangur barna, unglinga og ungmenna í Hestamannafélaginu Herði að teljast stórkostlegur ef marka má þau verðlaun sem unnin voru til í keppnisíþróttinni á þessu ári sem og aukinn áhugi barna að taka þátt í námskeiðum sem í boði voru.

Æskulýðsnefnd Harðar

Í æskulýðsnefndinni veturinn 2007 – 2008 störfuðu 7 manns. Þeir eru :

Elín Bergsdóttir

Ellen Ruth Ingimundardóttir

Gyða Á. Helgadóttir

Haukur Níelsson

Ingimundur Magnússon

Katrín Sif Ragnarsdóttir

Ragnheiður Þórólfsdóttir

Ofangreind nefnd tók formlega við starfinu á uppskeruhátíð Harðar 20. nóvember 2007

Vefsíðan - virk upplýsingamiðlun

Viðburðadagatal

Á vefsíðu Harðar var bætt við viðburðadagatali. Í dagatalinu voru upplýsingar um námskeið fyrir hvern dag og tímasetningu ásamt því hvað átti að læra í þeim tíma.

Fréttir

Fréttamiðlun var mjög virk og settar inn fréttir og upplýsingar um viðburði.

Skráning á námskeið

Á árinu var einnig bættur við sá möguleiki að skrá börn á námskeið sem voru í boði. Auðveldar þetta mjög vinnu fyrir æskulýðsnefnd svo ekki sé talað um að hafa sveigjanleika fyrir foreldra að skrá börnin þegar þeim hentar innan ákveðins tíma í stað þess að mæta á ákveðnum skráningardeg.

Námskeið veturinn 2008

Almennt reiðnámskeið

Í vetur voru haldin bæði byrjendanámskeið og framhaldsnámskeið. Kennarar voru Sigrún Sigurðardóttir og Ólöf Guðmundsdóttir.

Byrjendanámskeið

Byrjendanámskeiðið var keyrt einu sinni og var fjöldi þátttakenda 10 talsins. Á námskeiðinu voru kynnt helstu reiðtygi og hvernig eigi að leggja á hest sinn, börnin lærðu að umgangast hest sinn og fengu lágmarkskunnáttu að stýra hesti.

Námskeiðið fór fram í verklegum tímum og voru 4-6 nemendur í hverjum hóp sem var skipt niður eftir aldri.

Framhaldsnámskeið

Framhaldsnámskeið er hugsað sem millistig milli byrjendanámskeiðs og keppnisnámskeiðs og er beint framhald af byrjendanámskeiði en ekki er skilyrði að taka byrjendanámskeið á undan en reynsla í reiðmennsku er nauðsynleg.

Framhaldsnámskeiðið var keyrt tvisvar sinnum og var fjöldi þátttakenda 29 talsins. Á námskeiðinu lærðu nemendur að leggja á hest sinn og heiti reiðtygja kynnt (aldurtengt). Hafi grunnþekkingu í að mynda leiðtogahlutverk með hest sínum (aldurs- og getutengt). Gangategundir voru kynntar og útskýrðar og kennt að fara af feti á tölt og/eða brokk.

Námskeiðið fór fram í verklegum tímum og voru 4-6 nemendur í hverjum hóp sem var skipt niður eftir aldri.

Knapamerkjanámskeið 1. 2. og 3ja. stig

Knapamerkjanámskeið er sett upp af hrossaræktardeild Hólaskóla – Háskólinn á Hólum. Þetta námskeið er skipt upp í 5 stig. Skipulag, námsefni og próf hvers stigs er einnig sett upp af Hólaskóla sem jafnframt gefur út skírteini.

Nemendur þurfa vera 12 ára (miðað við fæðingarár) eða eldri. Námskeiðið gefur einingar á framhalds-skólastigi. Á árinu voru haldin knapamerki 1 (grænt), 2 (appelsínugult) og 3 (rautt).

Þessi námskeið eru bæði bókleg og verkleg og þurfa knapar að taka próf í hvoru tveggja í lok hvers stigs. Prófdómari í vetur var Oddrún Ýr Sigurðardóttir.

Verklega kennslan var í höndum Sigrúnar Sigurðardóttur og Hjörný Snorradóttir sá um bóklegu tímana. Fjöldi nemenda í öllum þremur námskeiðunum voru 12 talsins.

Keppnisnámskeið

Samkvæmt stefnuskrá stjórnar átti að efla námskeið og þjálfun fyrir börn, unglinga og ungmenni í keppnisgreinum. Keppnisnámskeið var fyrir þau sem hafa aldur til að keppa í barna-, unglinga- og ungmennaflokki hvort sem er fyrir vetrarmót, íþróttakeppni og gæðingakeppni. Markmiðið er að auka fjölda góðra reiðmanna í hestamannafélaginu Herði, að allir þátttakendur bæti sig í ásetu og stjórnun og síðast en ekki síst að eiga fulltrúa á landsmóti hestamanna í öllum flokkum.

Á árinu var Íslandsmót sem er haldið árleg og landsmót hestamanna sem er haldið annað hvert ár. Því var sett upp dagskrá keppnisnámskeiðs miðuð við það. Kennsluáætlun miðaðist við að hestar og knapar yrðu á hátindi þjálfunar á úrtöku fyrir landsmót.

Boðið var upp á keppnisnámskeið í tveimur hlutum sem hófst um miðjan janúar lauk í úrtöku fyrir landsmót í byrjun júní. Fyrri hluti þessa námskeiðs var út febrúar og tók þá seinni hluti við og lauk eins og áður sagði í byrjun júní. Annað keppnisnámskeið var haldið fyrir þá sem komust í gegnum úrtöku fyrir landsmót og annað námskeið fyrir þá sem tóku þátt í Íslandsmóti sem haldið var um miðjan ágúst.

Fyrir öll vetrarmót Harðar. Fáksmót, íþróttakeppni Harðar, gæðingakeppni Harðar (úrtaka 2), og úrtöku 1 og fyrir Íslandsmót voru sérstakar æfingar m.a. raðað upp prógrami með hverjum og einum, fótabúnaður yfirfarinn og farið yfir hraða og stillingar á gangtegundum.

Kennarar á námskeiðinu voru Ragnheiður Þorvaldsdóttir og Sigurður Sigurðsson. Barbara Mayer kenndi ásetuæfingar.

Fjöldi nemenda var 26 talsins.

Keppnisnámskeið 1.hluti

Kennt var aðallega í reiðhöll Hestasýn og stóð til að fara í eina æfingaferð til Hestheima en því miður varð að fella þá ferð niður vegna veðurs. Í staðinn var fengið inni í reiðhöllinni í Dallandi og farið yfir það námsefni sem átti að fara fram í Hestheimum sem var áseta, stjórnun, liðkandi og losandi æfingar.

Í þessum 1. hluta var tekið fyrir:

- Fóðrun hestsins
- Þjálfun í byrjun vetrar fyrir hest og knapa
- Uppbygging þjálfunar í byrjun vetrar
- Liðkandi og losandi æfingar
- Víkja undan fæti
- Sniðgangur
- Myndun leiðtogahlutverks. Kynntar voru nokkrar aðferðir:
 - Monty Roberts
 - Pat Parelli (7.leikir)
 - Klikkerinn
 - Trick training
- Þjálfun í ásetu og stjórnun
- Fimíæfingar

Keppnisnámskeið 2. Hluti

Kennt var í reiðhöll Hestasýn og á keppnisvelli. Farið var tvisvar sinnum í æfingabúðir yfir helgi til Hestheima.

Í þessum hluta námskeiðsins var tekið fyrir:

- Þjálfun í ásetu og stjórnun
- Fimíæfingar
- Hægri og vinstri áseta
- Gangtegundir
- Hraðabreytingar
- Reglur í keppni, annars vegar gæðingakeppni og hinsvegar íþróttakeppni
- Upphitun hrossa fyrir keppni
- Mismunur á hrossum, hvað þarf að gera með hestana til þess að ná sem mestu út úr þeim
- Gangtegundir. Hvað verið er að leita eftir í keppni
- Uppsetning á prógrami fyrir hverja keppni og hvernig er best að stilla því upp miðað við getu hestsins.
- Þrekþjálfun hesta
- Viðhaldsþjálfun hesta
- Teymingar við þjálfun

Bóklegir tímar:

- Skap og skynjun hestsins
- Gangtegundir
- Teknar voru videoupptökur af þátttakendum á velli og á mótum og þær skoðaðar og metnar með hverjum og einum m.t.t. hvað mátti betur fara og hvað var gott.

Þjálfunarbúðir til Hestheima

Í fyrri ferðinni var reiðkennsla í reiðhöll, gerðar voru fimi- og ásetuæfingar, kennd var hægri og vinstri áseta og fyrirlestur um gangtegundir. Á laugardagskvöldinu var

Í seinni ferðinni var æft í reiðhöllinni á laugardagsmorgni og eftir hádegi var farið á keppnisvöllinn á Hellu þar sem landsmót hestamanna var haldið. Þátttakendur fóru á völlinn eins og um keppni væri að ræða og var allt tekið upp á video sem síðan var yfirfarið og skoðað á sunnudagsmorgninum. Eftir hádegi var sett upp keppni í “smalanum” og var gaman að sjá þá einbeitingu, keppnisanda og jafnframt samhug milli krakkana í lok helgarinnar sem var mjög lærdómsrík fyrir alla en jafnframt mikil skemmtun.

Keppnisnámskeið fyrir landsmót

Hestamannafélagði Hörður mátti senda 6 knapa og hesta í hverju flokki á landsmót. Það þýðir að 18 knapar og hestar kepptu í yngri flokkum fyrir félagið.

Fundur var haldinn með knöpum ásamt foreldrum og forráðarmönnum þar sem m.a. var kynnt æfingarferð til Hellu, farið var yfir það sem hafa verður í huga fyrir landsmótið varðandi þjálfun og fleira og upplýsingagjöf varðandi landsmótið sjálft.

Farið var á keppnisvöllinn á Hellu og var prógram með hverjum og einum prófað og knöpum og foreldrum og forráðarmönnum sýnd aðstaða þar.

Helgina fyrir landsmótsvikuna, stóð þeim sem vildu, til boða að æfa prógramið með aðstoð kennara og einnig var kennari til taks ef knapar vildu aðstoð á landsmótinu sjálfu.

Keppnisnámskeið fyrir Íslandsmót

Á námskeiðinu var prógrami raðað upp með hverjum og einum, fótabúnaður yfirfarinn og farið yfir hraða og stillingar á gangteggunum. Einnig var prógramið prófa á keppnisvöllinum hjá Fák þar sem mótið fór fram, teknar voru videoupptökur af hverjum og einum skoðaðar m.t.t. hvað betur mátti fara og hvað vel var gert.

Kennari var svo til aðstoðar á Íslandsmótinu fyrir þá sem það kusu.

Félagsstarf veturinn 2007-2008

Uppskeruhátíð barna, unglinga og ungmenna

Hin árlega uppskeruhátíð var haldin í nóvember 2007. Á hátíðinni var ný æskulýðsnefnd kynnt til starfa, áætlun vetrarins var kynnt og hápunktur kvöldsins viðurkenningarverðlauna fyrir besta og efnilegasta knapann í hverju flokki þ.e. barnaflokk, unglingaflokk og ungmennaflokk.

Árshátíð unglinga og ungmenna

Samkvæmt áætlun átti að halda sameiginlega árshátíð unglinga og ungmenna hjá Fák en því miður var mjög dræm þátttaka og því var það sameiginleg ákvörðun félagana að fella niður árshátíðina.

Hörður átti að sjá um árshátíð barna en baðst undan því við hin félögin vegna fjölda annarra verkefna. Árshátíð barna var því ekki haldin en rætt var um að hafa kvöldvöku í staðinn fyrir árshátíðirnar sem tengdist Íslandsmótinu og var það gert.

Skemmti og þjálfunarferð til Hestheima

Farin var skemmti og þjálfunarferð til Hestheima helgina 4.6 apríl en þessi ferð var í boði fyrir alla því Hörður leggur áherslu á að vera félag fyrir alla, unga sem aldna. Því miður var frekar dræm þátttaka en aðeins 6 krakkar auk þriggja foreldra fóru í ferðina. Ferðin stóð frá föstudegi og komið heim á sunnudegi. Á föstudeginum var farið með hestana og komið sér fyrir. Á laugardag var kennsla hjá reiðkennara og farið í boltaleiki og eftir kvöldmat á laugardagskvöld var spilað saman og horft á sjónvarp. Á sunnudag var farið í um þriggja tíma afar skemmtilegan reiðtúr því riðið var yfir þúfur og móa sem er breyting frá því að ríða eftir venjulegum reiðgötum heima. Á sunnudags eftirmiðdag fóru allir glaðir og hvíldir eftir vel heppnaða helgi í Hestheimum í sveitasælunni.

Fjölskyldureiðtúr og grill

Þann 4. maí var farinn hinn árlegi fjölskyldureiðtúr Hestamannafélagsins.

Veðurútlit var ekki gott þó að spáin fyrr í vikunni hafði verið nokkuð góð. Frekar ákveðinn vindur var í fangið á reiðmönnum, -konum og -börnum á leið á áfangastað sem var hjá Badda á Hraðastöðum. Riðið var í tveimur hópum, hraðari hóp og hægari hóp. Samtals tóku um 30 manns þátt í reiðinni og fleiri komu akandi og áttu allir gleðilega stund saman.



Á Hraðastöðum eru ýmsar dýrategundir sem hægt er að berja augum og fá að halda á ungvíðinu s.s. lömb, hvolpar, kanínur, kettlingar og svín, svo eitthvað sé nefnt. Svínið er hinsvegar ekki mikið fyrir klapp og að láta halda á sér en það gaf upp mikið öskur þegar átti að reyna það. Það var bara gert einu sinni...

Hestarnir fengu að fara út á tún meðan knapar gæddu sér á hamborgara og pylsum á milli þess sem dýrin voru skoðuð.

Ferðin til baka gekk mjög vel enda var vindurinn í bakið. Óhætt er að segja að dagurinn hafi verið ánægjulegur fyrir þá sem tóku þátt enda gaman að hittast og sjá eitthvað nýtt.

Æskan og hesturinn

Tekið var að venju þátt í stórsýningunni Æskan og hesturinn sem haldin er árlega í Víðidal. Krakkar frá Herði tóku þátt í Grímureiðinni, í sameiginlegu atriði allra félaganna (7) í félagsatriðinu og að sjálfssögðu í hinni virðulegu fánareið sem er við opnun sýningarinnar.

Þrír fulltrúar úr æskulýðsnefnd sóttu vikulega undirbúningsfundi og sinntu ýmsum verkefnum frá áramótum að sýningunum sem voru fjórar, helgina 29-30 mars.

Margar æfingar voru haldnar fyrir félagsatriðið en það þarf að vera vel samhæft svo það komi vel út í sýningu sem þessari. Í félagsatriðinu tóku 8 knapar og hestar þátt sem tókst mjög vel. Höllin hjá Hestasýn er of lítil til að æfa slíkt atriði og því fengum við að æfa í höllinni á Seljabrekku og í Dallandi. Atriðið að þessu sinni var skrautreið á töltili og stökki.

Fyrir sameiginlega atriðið var æfing í höllinni hjá Hestasýn og síðan á sameiginlegri æfingu í Víðidal með hinum félögum. Þátttakendur í sameiginlega atriðinu voru 5 talsins.

Krakkarnir í grímureiðinni létu sig ekki vanta og komu í hinum ýmsu skemmtilegu búningum og höfðu skreytt hesta sína í stíl. Sum riðu sjálf og öðrum var teymt undir. Þátttakendur í grímutöltinu voru 7 samtals.

Í fánareiðinni tóku 6 knapar og hestar þeirra sem skiptust á. Af þessu 6 voru 2 sem ekki voru í öðrum atriðum. Samtals tóku því 26 börn, unglingar þátt í Æskan og hesturinn 2008.

Fulltrúi úr æskulýðsnefnd lánaði folaldsmeri og folald sem var til sýnis í stíu í anddyri sýningarhallarinnar þar sem hægt var að skoða merina og folaldið sem var aðeins 6 mánaðar gamalt. Eins og gefur að skilja þá voru þau mjög vinsæl á sýningunni.

Jakkar

Keppnisjakkar

Keppnisjakkarnir hjá Hestamannafélaginu Herði voru komnir til ára sinna og orðnir úreltir í sniði og því var ákveðið að fá festa kaup á keppnisjakka með fallegu og sígildu sniði í okkar félagslit. Mikil vinna var lögð í að leita að góðu sniði bæði fyrir börn og fullorðna og endað var með að kaupa jakka í gegnum Ástund sem lét sauma þá erlendis. Keppnisjakkarnir voru seldir fyrir landsmót en einnig er hægt að kaupa keppnisjakka hjá félaginu. Gerður var samningur við Ástund sem sér um að leigja jakka til félagsmanna í framtíðinni.

Reiðjakkar fyrir Landsmót og Íslandsmót

Fest voru kaup á jakka fyrir landsmót. Ákveðið var að hafa ekki jakka með mikið af auglýsingum heldur hafa jakka sem var með félagsmerkinu og merki landsmóts. Jakkarnir voru seldir fyrir landsmót á kostnaðarverði.

Fyrir Íslandsmót voru útbúnir jakkar sem styrktir voru af fyrirtækjum fyrir þá sem kepptu á Íslandsmóti barna, unglinga og ungmenna.

Samantekt

Þátttakendur á námskeiðum í heild sinni á hinum ýmsu viðburðum voru mjög margir á aldrinum frá 5 ára aldri upp í 21 ára. Heildarfjöldi þátttakenda á námskeiðum var 75 og hlutfallslega milli aldursflokka var þó þátttaka barna og unglinga mest 23 einstaklingar. Í ungmennaflokk heyra einstaklingar sem eru 18-21 árs. Þátttaka ungmenna var frekar lítil eða 3 einstaklingar sem tóku þátt í námskeiðum. Erfitt er að meta hver ástæðan er en það er ljóst að þörf er á að breyta eða efla nálgun fyrir þennan hóp.

Varðandi þátttöku í hinum ýmsu viðburðum þá tóku margir þátt í fjölskyldureiðtúrnum en árshátíð unglinga og ungmenna var ekki vinsæl hjá neinu félaganna. Varpa má fram þeirri spurningu hvort árshátíðir hjá börnum, unglingum og ungmennum á vegum hestamannafélaga sé barn síns tíma þegar samgangur milli hestamannafélaga var minni?

Starfandi æskulýðsnefnd hefur öðlast mikla reynslu á árinu og mun nota hana á næsta ári til að gera betur og varðveita það sem tókst vel. Að halda úti virku og góðu æskulýðsstarfi krefst mikillar vinnu af hálfu þeirra sem bjóða sig fram í þetta mjög svo gefandi en jafnframt kröfuharða starf. Því er mjög mikilvægt að skipuleggja það vel fram í tímann og upplýsa foreldra og forráðamenn vel. Það hefur gefið góða raun að nota vefinn og tölvupósta til upplýsingamiðlunar.

Hörður náði vægast sagt frábærum árangri í yngri flokkunum en þar áttum við fyrsta sætið í bæði unglinga og ungmennaflokki. Arnar Logi Lúthersson og Frami frá Víðidalstungu II sigruðu í A-úrslitin í unglingaflokki með einkunnina 8,80. Grettir Jónasson á Gusti frá Lækjarbakka sigraði A-úrslitin í ungmennaflokki og var hann einnig með einkunnina 8,80. Linda Rún Pétursdóttir á Stjarna frá Blönduósi varð í 14. sæti í B úrslitum í ungmennaflokki með 8,42. Katrín Sveinsdóttir varð svo í 14. sæti í barnaflokki á Gými frá Grund með einkunnina 8,0. Þrír knapar lentu í 31. sætinu og um helmingur barna, unglinga og ungmenna sem kepptu fyrir Hörð komust inn í 30 manna úrslit. Þetta var frábær árangur og algjör viðsnúningur frá frekar slökum landsmótsárangri árið 2006. Árangur sem verður stjórn félagsins hvatning til að styðja enn betur við bakið á úrvalsknöpunum félagsins.

Við stóðum okkur einnig vel á Íslandsmótinu en þar varð Sigríður Sjöfn Ingvarsdóttir Íslandsmeistari í fjórgangi ungmenna og Margrét Sæunn Axelsdóttir varð Íslandsmeistari í fimi sem er hvort tveggja frábær árangur. Arnar Logi Lúthersson varð í 8 sæti í unglingaflokki fjórgangi á Frami frá Víðidalstungu II með einkunnina 6,3 varð í 6.sæti í tölta unglinga á Frami með 6,11. Grímur Óli Grímsson varð í 7.sæti, eða 2.sæti í B úrslitum í Fimmgangi unglinga á Presti frá Blesastöðum 1A með 5,90 og í 8-9 sæti í tölta með 6,44. Grettir Jónasson varð í 12. sæti í tölta ungmenna á Krafti frá Varmárdal með 5,93.

Æskulýðsnefnd Harðar 2008

GÁH